

AUGLÝSING

um deiliskipulag skóla- og sundhallarreits á Selfossi, Sveitarfélaginu Árborg.

Á fundi bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Árborgar 30. október 2013 var samþykkt deiliskipulag skóla- og sundhallarreits á Selfossi.

Deiliskipulagið er innan þéttbýlis og nær til 5,7 ha reits sem markast af Austurvegi niður að Engjavegi og milli gatnanna Tryggvagötu, Bankavegar, Sólvalla og Reynivalla. Innan reitsins eru 6 stofnanalóðir, auk Tryggvagarðs nyrst á reitnum. Stofnanalóðirnar eru Sandvíkursetur (fyrrum Sandvíkurskóli), Sundhöll Selfoss, Valhöll (yngsta stig Vallaskóla) Bifröst (skólavistun Vallaskóla), Vallaskóli - Sólvellir og leikskólinn Álfheimar.

Engar grundvallarbreytingar eru á starfsemi innan reitsins, þó svo að starfsemi Sandvíkurskóla breytist úr grunnskóla í fræðasetur. Ekki er til deiliskipulag fyrir reitinn í heild sinni, en í maí 1998 var unnið deiliskipulag fyrir Tryggvagarð og Sandvíkurskóla vegna stækkunar skólans til norðurs. Það skipulag mun falla úr gildi við gildistöku þess nýja.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Selfossi, 5. júní 2014.

Bárður Guðmundsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 23. júní 2014